

Starfskýrsla Fimleikadeildar UMF Aftureldingar

Árið 2001

Stjórn.

Formaður Níels S. Olgeirsson, Bröttuhlíð 12,	s: 566 8616
Gjaldkeri Ósk Hilmarsdóttir, Lágholt 2a,	s: 566 7377
Sigrún B. Jónsdóttir, Hulduhlíð 9,	s: 566-7771
Elín Clausen, Hulduhlíð 34,	s: 566-8184
Rósa Dagbjört Hilmarsdóttir, Byggðarholt 21	s:566-6694

Þjálfarar

Yfirþjálfari Eva Harðardóttir	898-7711
Aðstoðarþjálfari Halla Björnsdóttir	

Æfingar

Fimleikadeildin var með tíma á mánudögum föstudögum og laugardögum síðastliðið starfsár. Mjög oft féllu tímar niður vegna móta sem haldin eru um helgar. Þessi óvissa skapaði mikinn pirring meðal iðkenda og foreldra þeirra. Mikið var um að iðkendur gáfust upp og hættu.

Í haust var lagt kapp á að gera breytingar á og hafa tvo daga í viku. Tímar sem fimleikadeildin hefur eru á mánudögum og miðvikudögum kl. 15:00 – 18:00. Þetta fyrirkomulag kemur mun betur út fyrir þjálfarana þar sem tækin eru tekinn út fyrir meira enn einn tíma í einu og nýja loftdýnan er þó nokkurt fyrirtæki.

Tekin var ákvörðun um að miða þjálfunina við trompfimleika sem eru hópfimleikar þar sem 12 eru saman í hóp. Unnið hefur verið í undirstöðuatriðum fyrir almenna fimleika til þess að auka styrk, kraft og liðleika og ná grunntækni á ýmsum áhöldum eins og dýnu, stökki og slá. Haldið verður áfram í þessum grunnæfingum og bæta svo öðru hvoru inn nýjum æfingum með það að markmiði að gera hópa færa í að taka þátt í keppnum 2002.

Iðkendur

Fjöldi iðkenda er svipaður og verið hefur um 50 börn. Þar sem ekki hefur tekist að ráða þá þjálfara sem þarf til þess að mæta þeirri aðsókn sem fimleikarnir hafa fengið er kominn biðlisti. Vonast hafði verið til að hægt væri að fá karl þjálfara en þeir eru fáir og virðast vera fullbókaðir.

Tæki

Þjálfararnir settu upp lista yfir þau tæki sem til þarf til að geta æft trompfimleika og var farið með lista til aðalstjórnar Aftureldingar og þaðan til bæjarstjórnar Mosfellsbæjar og beðið um styrk. Bæjaryfirvöld sýndu mikinn velvilja og hafa tækin verið pöntuð. Loftdýna sem er 16 x 3 metrar og trampolín eru kominn í hús. Lendingardýna fyrir trampolínið er á hafnarbakkanum og búið er að panta svampkistu og stökkbretti með gormum.

Það er óhætt að segja að þegar þetta er allt komið er deildin meðal þeirra deilda sem fremstar eru tækjalega.